

Stafræn markaðssetning - Námslýsing

Almennt um námið

Stafræn markaðssetning er hagnýtt og verkefnadrifið nám þar sem lögð er áhersla á skipulagningu, framkvæmd og eftirfylgni markaðs- og kynningarherferða á stafrænum miðlum. Námið tekur fyrir markaðssetningar á vefnum, samfélagsmiðlum og leitarvélum og byggir á raunhæfum verkefnum sem endurspeglar verklag í atvinnulífinu.

Fyrir hverja?

Námið er fyrir þá sem vilja læra að vinna að markaðssetningu á netinu, bæði á veraldarvefnum og samfélagsmiðlum. Það hentar þeim sem vilja öðlast grunnfærni í stafrænni markaðssetningu og vinna markvisst með auglýsingar, efni og miðlun, óháð fyrri reynslu. Námið er kennt frá grunni og hentar vel samhliða vinnu eða öðru námi.

Markmið

Að loknu námi eiga þáttakendur að:

- geta skipulagt, framkvæmt og fylgt eftir auglýsingaherferðum á netinu og samfélagsmiðlum
- hafa skilning á helstu aðferðum í stafrænni markaðssetningu, svo sem markhópamiðun og framsetningu kynningarefnis
- geta greint umferð og árangur á vefsvæðum og stafrænum miðlum
- vera færir um að gera kynningaráætlanir og miðla efni á helstu stafræna miðla
- kunna að nýta gervigreind (AI) við gerð og þróun markaðsefnis

Námsþættir

Lota 1: Google Analytics markaðsgreining, Google Search console og kynning á leitarvélabestun (SEO)

- Mikilvægi gagna við stafræna markaðsetningu
- Kynning á Google Analytics og uppsetning
- Mæling árangurs stafrænnar markaðssetning með Google Analytics, Google Search console ofl.
- Grunn leitarvélabestun kynnt
- On-page vs. off-page leitarvélabestun (SEO)
- Greining leitarorða og bestun á efni.
- Mikilvægi efnisgerðar og uppsetningar
- SEO tól og greining

Lota 2: PPC (Pay-per-click) markaðssetning á Google

- Kynning á PPC
- Google Ads og Bing Ads kynning
- Val á leitarorðum, uppsetning á herferðum, áætlanagerð.
- Mæling á árangri herferða.

Lota 3: Markaðssetning á Facebook og Instagram. PPC (Pay-per-click) og Content marketing.

- Kynning og yfirlit á helstu samfélagsmiðlum sem vert er að auglýsa á
- Stofna Facebook Business manager, Ads manager og setja upp Facebook page
- Gerð kynningaráætlunar
- Uppsetning mynd- og textaefnis
- Auglýsingagerð

Lota 4 Markaðssetning með tölvupósti

- Mikilvægi markaðssetningar með tölvupósti
- Byggja upp og flokka
- Greining og eftirfylgni markaðsherferða
- Uppsetning markpósta / fréttabréfa
- *Auka* Tenging við Wordpress / Woocommerce

Lota 5 Efnismarkaðssetning (Content marketing)

- Kynning á content marketing og hlutverk þess í stafrænni markaðssetningu
- Gerð herferða og söguþráða
- Mismunandi form efnis (Blog, myndbönd, podcast ofl)
- Mæling á árangri herferða
- Textagerð (tone of voice, character ofl)
- CANVA Notkun Canva kynnt og hvernig hægt er að nýta sér þennan gjaldfrjálsa og öfluga hugbúnað það í gerð kynningarefnis sem þú getur nýtt á samfélagsmiðlum.

Lota 6 Hvernig nýta má gervigreind við stafræna markaðssetningu og efnisgerðar

- Kynning á gervigreind (AI) í stafrænni markaðssetningu
- AI greining
- AI efnisgerð
- AI í SEO og PPC
- AI í markaðsetningu á samfélagsmiðlum
- AI í tölvupóstmarkaðssetningu
- Hvað þar að varast varðandi AI í stafrænni markaðssetningu

Frammistöðumat / Diplóma

Digital Marketing eða Stafræn markaðssetning er námsleið sem kennir þér að nýta markaðsfræðina í stafrænum heimi hvort sem það er á rafrænum miðlum, samfélagsmiðlum eða á leitarvélum. Námið er einungis kennt í fjarnámi. Námið er einstaklega hagnýtt. Raunhæf verkefni og verkefnaskil er hluti af náminu og skólinn vottar frammistöðu með prófskírteini að loknu námi.

Áætlað vinnuframlag

Áætlað vinnuframlag er um 10-15 klukkustundir á viku á meðan á námskeiði stendur.